

Garðabær

Innleiðing á verkefninu barnvænt sveitarfélag

Kortlagning og stöðumat 2021-2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	UNICEF	3
	2.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	3
	2.2 Barnvæn sveitarfélög.....	3
3	Garðabær – barnvænt sveitarfélag.....	4
	3.1 Stýrihópur um Barnvænan Garðabæ	4
	3.2 Kortlagning	4
4	Fræðsla til lykilaðila	5
5	Gátlistar og samantekt stýrihóps.....	5
	5.1 Helstu styrkleikar sem stýrihópur telur vera staðar í sveitarfélaginu	5
	5.2 Helstu tækifæri til að efla og vinna betur í sveitarfélaginu að mati stýrihóps	6
6	Viðhorfskannanir	7
	6.1 Könnun meðal barna	7
	6.2 Könnun meðal starfsmanna	11
7	Raddir barna	14
	7.1 Ungmennapíng	14
	7.2 „Stelpur skína“ – ráðstefna, vinna og fundaröð.....	14
	7.3 Niðurstöður frá ungmennapíngi og íþróttapíngi stúlkna	15
	7.4 Sérfræðihópar barna	16
	7.4.1 Sérfræði- og rýnihópur 1 – börn af erlendum uppruna	16
	7.4.2 Rýnihópur 2 – börn í hverfi sem er í uppbyggingu	17
	7.4.3 Rýnihópur 3 – börn með skoðanir varðandi þjónustu, öryggi ofl.....	20
8	Mælaborð og mælitæki við stöðumat.....	23
	8.1 Þróunarvinna um mælaborð hjá sveitarfélögum um velferð barna.....	23
	8.2 Mælingar í Garðabæ.....	25
9	Samtöl og ábendingar stjórnenda í stofnunum og skólum	25
10	Samantekt.....	26

1 Inngangur

Í október 2020 skrifaði bæjarstjórn Garðabæjar undir samning um að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferlið er unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi og var áætlað í átta þrepum á 2-3 árum.

Í lok ársins 2020 var skipaður tólf manna stýrihópur með þátttöku barna og ungmenna, fulltrúum sviða bæjarins og fulltrúum bæjarstjórnar. Stýrihópur og helstu lykilaðilar fengu grunnfræðslu um verkefnið, innleiðingu og barnasáttmálann. Fyrsti fundur var í janúar 2021 en frá þeim tíma hefur stýrihópur haldið 7 vinnufundi ásamt því að vinna verkefni í smærri einingum. Hrint var af stað kerfisbundinni fræðslu til starfsfólks skóla og stofnana haustið 2022.

Geta má þess að verkefnisstjóri Garðabæjar hefur með öðrum verkefnastjórum sveitarfélaga reynt að aðstoða við þróun á verkefninu og hafa sveitarfélögin verið dugleg að miðla sín á milli. Ný gögn, sniðmát, fræðslumyndbönd og leiðbeiningar hafa komið til á stöðumatstímanum og alltaf eitthvað nýtt gagnlegt að líta dagsins ljós sem auðveldar vinnuna. Verkefnastjóri tók einnig þátt í þróunarvinnu á mælaborði um Velferð að frumkvæði ráðuneytis félags- og barnamála. Líta má á mælaborðið sem hliðarafurð í greiningarvinnu og tengist nýlegri lagasetningu og framkvæmd um farsæld barna. Mælitæki sem er hugmyndafræðilega vel tengt verkefninu og kemur vonandi til að nýtast vel í málefnum barna í framtíðinni.

Komandi aðgerðaáætlun stýrihóps fyrir Garðabæ kemur til með að byggja á stöðumati stýrihópsins. Stöðumatið inniheldur yfirferð stýrihóps á gátlistum og er einnig í grunninn þekking hópsins á staðbundnum gögnum um stöðu, heilsu og líðan barna í Garðabæ. Í stöðumatinu lögðum við fyrir spurningalistakannanir Unicef til að kanna þekkingu og viðhorf barna og starfsmanna til Barnasáttmálans. Því til viðbótar var unnið með nokkra rýnihópa barna og þau fengin til að skoða sitt samfélag og tjá sig um spurningar sem tengjast grunnréttindum barna. Það var boðað til ungmennapings og íþróttapings stúlkna á stöðumatstímabilinu og niðurstöður þaðan skoðaðar og teknar með í matið.

Stöðumatið teygir sig yfir langan tíma og hefur staðið yfir í lotum allt frá vori 2020 og fram yfir áramót 2023. Tímalínan var í byrjun lituð af covid-samkomutakmörkunum eins og allir þekkja og hægði á ýmsu og gerði erfiðara um vik. Einnig má segja að sveitarstjórnarkosningar vorið 2022 hafi dregið úr vinnuhraða og einhverjar breytingar urðu á stýrihópnum yfir tímann. Langur vel ígrundaður aðdragandi getur verið gagnlegur og nýst vel. Ef horft er til baka er ljóst að ýmsar hugmyndir og tillögur sem urðu til í stöðumatsferlinu eru komnar í ferli. Barnvæn sjónarmið hafa þegar skilað breyttu hugarfari inn í stjórnsýsluna að okkar mati þó svo formleg aðgerðaáætlun sé ekki komin fram í endanlegri mynd. Nefna má t.d. áhrif BVS í endurskoðun á helstu stefnum bæjarfélagsins 2021-2022 og ákvörðun um að valdefla ungmennaráð bæjarins með ýmsu móti. Allt þættir sem koma til með að skilgreinast betur í aðgerðaáætluninni.

f. h. stýrihóps um Barnvænan Garðabæ,
Gunnar H. Richardson verkefnisstjóri

2 UNICEF

UNICEF, sem stendur fyrir United Nations International Children's Emergency Fund (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna), var stofnað á fundi Sameinuðu þjóðanna 11. desember 1946. Tilgangurinn var að hjálpa bágstöddum börnum eftir hörmungar síðari heimstyrjaldarinnar. Nú starfar UNICEF í 190 löndum með það að markmiði að bjarga börnum úr lífsháská, verja réttindi þeirra og aðstæður þannig að þau megi lifa og þroskast.

UNICEF á Íslandi er íslensk landsnefnd Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem berst fyrir réttindum barna bæði erlendis og á Íslandi. Á Íslandi sinnir UNICEF markvissri réttindagæslu fyrir börn og veitir stjórnvöldum aðhald. UNICEF fylgist með aðstæðum barna á Íslandi og lætur reglulega taka saman gögn um aðstæður barna á Íslandi m.a. um börn sem líða efnislegan skort og börn sem verða fyrir ofbeldi.

UNICEF á Íslandi leiðir verkefnið Réttindaskólar UNICEF og í samstarfi við félags- og vinnumálaráðuneytið (áður félagsmálaráðuneytið) verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

2.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð að lögum árið 1990 en allar þjóðir Sameinuðu þjóðanna – að undanskildum Bandaríkjunum – hafa samþykkt sáttmálann sem samanstendur af 54 greinum um réttindi barna. Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992 en fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Barnasáttmálann í heild sinni má finna á vefnum: <https://barnasattmali.is>

2.2 Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög (e. Child Friendly Cities) eru bæir, borgir eða samfélög sem stýrt er af sveitar- eða bæjarstjórn þar sem markmiðið er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda barna s.s. við gerð stefnu, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities (CFC) en það hefur verið innleitt í fjölda sveitarfélaga víðsvegar um heim.

Innleiðingarferli Barnasáttmálans í sveitarfélagi er unnið í átta skrefum sem miða að því að virða og uppfylla réttindi barna og tekur ferlið að minnsta kosti tvö ár – sjá mynd 1. Að þessu ferli loknu getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi, að því gefnu að starfsfólk UNICEF meti sem svo að ferlið og aðgerðaáætlunin sé til að bæta og tryggja réttindi barna í sveitarfélaginu².



Mynd 1 -- Innleiðingarspirall og verkefni gengur í hring og ferlið hefst aftur þegar búið er að meta áhrif aðgerða.

² <http://barnvaensveitarfelog.is/>

3 Garðabær – barnvænt sveitarfélag

Þann 18. júní 2020 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að vera þátttakandi í verkefninu Barnvæn sveitarfélög og halda áfram á þeirri vegferð sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áður hafði bæjarstjórn fengið kynningu frá UNICEF á því í hverju verkefnið fælist og hvernig innleiðingarferlinu væri háttað. Með samþykkt bæjarstjórnar lauk fyrsta þætti af átta í innleiðingarferlinu. Frétt frá undirritun samstarfssamningsins 1. október 2020:

<https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/frettir/gardabaer-baetist-i-ort-staekkandi-hop-sveitarfelaga-sem-taka-thatt-i-verkefninu-barnvaen-sveitarfelag>

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þegar árið 2012 að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu og stofnanir Garðabæjar, sjá frétt þar um: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/frettir/nr/966>

3.1 Stýrihópur um Barnvænan Garðabæ

Skipað var í stýrihóp í desember 2020 og þegar var hafist handa við að undirbúa fræðslu til stýrihópsins í upphafi árs 2021 og byrja kortlagningu. Stýrihópurinn hefur til þessa haldið 8 bókaða fundi á stöðumatstímabilinu. Í stýrihópi sitja/sátu eftirtaldir aðilar:

Björg Fenger, formaður íþróttu og tómstundaráðs (til 2022) og formaður bæjarráðs (frá 2022)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla og forseti bæjarstjórnar

Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi

Gunnar Richardson verkefnastjóri innleiðingar á BVS og starfsmaður stýrihóps

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri, fjármála- og stjórnsýslusvið

Sigurður Garðar Flosason ráðgjafi barnavernd, fjölskyldusvið

Hrönn Hafliðadóttir skipulagsfulltrúi, umhverfissvið frá 2023

Valgerður Eyja Eyþórsdóttir fulltrúi ungmennaráðs Garðabæjar frá 2021

Askur Hrafn Hannesson fulltrúi ungmennaráðs Garðabæjar frá 2021

Kolbrún Þorkelsdóttir verkefnisstjóri, fjölskyldusvið frá 2023

Almar Guðmundsson, þáverandi formaður fjölskylduráðs frá 2020-2022

Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, fræðslu- og menningarsvið 2020-2022

Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfulltrúi, tækni- og umhverfissvið 2020-2022

Hrannar Máni Ólafsson fulltrúi ungmennaráðs Garðabæjar 2020-21

Anna Karen Elvarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs Garðabæjar 2020-21

3.2 Kortlagning

Eitt það mikilvægasta af fyrstu skrefum í innleiðingarferli Barnasáttmálans er kortlagning og stöðumat. Hún felur í sér greiningu á fyrirliggjandi gögnum um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna sem og söfnun gagna sem ekki liggja þegar fyrir. Þetta er vinna sem hvíldi mest á stýrihópi. Stýrihópurinn var settur saman til að hafa breiða þekkingu þvert á alla stjórnsýsluna. Stuðst var við gátlista sem unnir hafa verið af UNICEF og byggja á fimm grunnþáttum Barnvænna sveitarfélaga.

Unnin var tvískipt spurningakönnun sem okkur var látið í té frá skrifstofu Unicef og ætlað að afla upplýsinga um þekkingu og viðhorf gagnvart helstu réttindum barna. Spurningakönnunin var lögð fyrir fjölda barna í 5.–10. bekk í grunnskólum í Garðabæ og einnig fyrir alla starfsmenn bæjarins.

4 Fræðsla til lykilaðila

Í byrjun vinnu við stöðumat og innleiðingu hélt UNICEF kynningarfund fyrir aðila stýrihóps ásamt nokkrum aðilum úr stjórnarsýslunni sem hafa yfirsýn og ábyrgð á framgöngu verkefnisins sem og innleiðingu heimsmarkmiða. Þá hélt UNICEF námskeið fyrir stýrihóp, sviðsstjóra og nokkra lykilstarfsmenn um Barnasáttmálann og þýðingu hans. Fulltrúar í ungmennaráði fengu jafnframt sérstakt námskeið hjá UNICEF um mikilvægi þeirra í allri vinnu og þátttöku.

Stýrihópurinn fékk sérstaka kynningu á réttindaskólaverkefni Flataskóla frá umsjónarmönnum verkefnisins í Flataskóla. Sérstakir fundir með fulltrúa Unicef voru settir upp fyrir skólastjórnendur grunn- og leikskóla um innleiðingu BVS í Garðabæ til að öðlast innsýn í verkefnið.

Á stöðumatstímabilinu átti verkefnisstjóri m.a. fundi með skólastjórnendum varðandi fræðslu um Barnasáttmálann á ýmsum skólastigum og var tillögum um fræðslu vel tekið og að skólar setji efni Barnasáttmálans með einhverju móti inn í sínar áætlanir. Einnig var rætt við einstaka stjórnendur deilda og sviða bæjarins um fræðslu og áherslur. [Frétt um að Garðabær ætla sér að gerast barnvænt sveitarfélag var sett á vef bæjarfélagsins](#) og helstu tengingar í upplýsingar varðandi verkefnið.

Haustið 2022 var formlega hafist handa við að koma fræðslu til starfsmanna í skólum og stjórnarsýslu með því markmiði að ná til sem flestra starfsmanna sveitarfélagsins. Fræðslunni verður fylgt eftir með námsskrá og tímalínu og hún sett fram sem sérstök aðgerð í aðgerðaáætlun. Skiptir miklu í því verkefni að nýta netfræðsluefni Unicef og Akademias sem varð aðgengilegt um mitt ár 2022 og auðveldar mjög að fræðslan og þekking nái til sem flestra. Til samstarfs, útbreiðslu og eftirfylgni voru lykilstjórnendur í skólum fengnir til að aðstoða við skipulagningu á sínum starfsstöðvum og koma fræðslunni á dagskrá. Sú vinna er komin í gang og miðar ágætlega áfram.

5 Gátlistar og samantekt stýrihóps

Í vinnu við gátlista UNICEF var stýrihópi skipt niður í þrjá smærri vinnuhópa sem tóku að sér að svara gátlistunum. Nutum við aðstoðar frá Unicef á fyrstu skrefum. Stýrihópurinn fór síðan ofan í svörin sameiginlega og hér að neðan er samantekt á því helsta sem stóð upp úr eftir fyrstu yfirferð og stöðumat. Gátlistasurningar og lykln þeirra má sjá í fylgiskjali 1.

Í gátlista UNICEF var horft til eftirfarandi þátta:

1. Þekking á réttindum
2. Það sem er barninu fyrir bestu
3. Jafnræði – að horft sé til réttinda barna
4. Þátttaka barna
5. Barnvæn nálgun



5.1 Helstu styrkleikar sem stýrihópur telur vera staðar í sveitarfélaginu

- Í nýjum stefnum sveitarfélagsins má finna beinar tilvísanir í Barnasáttmálann ásamt því að áhrifa frá sáttmálanum gætir í eldri stefnum. Námskeið um sáttmálann var haldið fyrir stjórnendur í sveitarfélaginu fyrir mörgum árum.
- Flataskóli er réttindaskóli og þar er einnig réttindafrístund, mikil þekking og reynsla til þar varðandi vinnu út frá réttindum og í anda Barnasáttmálans.

- Verkefnið [Velferð barna](#) er í gangi í sveitarfélaginu og þar gætir áhrifa um öryggi og vernd frá Barnasáttmálanum.
- Tilkynningarhnappi í barnavernd hefur verið komið upp á vef Garðabæjar.
- Flest svið sveitarfélagsins nýta að einhverju leiti árangursmælitæki og afleiðagreina áhrif ýmissa aðgerða á börn. Dæmi um þetta má nefna [Skólapúls skóla og leikskóla](#), Ungt fólk um hagi og líðan frá Rannsóknir og greiningu, ESPD rannsóknir, mat á öryggi barna varðandi t.d. leikvelli og börn hafa tekið þátt í rýni varðandi umferðarmál.
- Samvinna við félagasamtök sem vinna með börnum er almennt góð í sveitarfélaginu.
- Samanburður milli ára varðandi útgjöld í tiltekna málaflokka er skoðaður og möguleg áhrif á þjónustu rýnd vel.
- Ýmsar aðgerðir og úrræði eru í boði til að efla jafnræði og ná til jaðarsettra barna. Nefna má t.d. hvatapeninga, stuðningsfulltrúa og öfluga stoðþjónustu skóla og liðveisluverkefni á sviði félags-, skóla- og frístundaþjónustu. Frístundabíll í Garðabæ hefur verið starfræktur til nokkurra ára.
- Í skóla- og frístundastarfi þekkist nokkuð skipulögð aðkoma barna og ungmenna að ákvörðunum og þjónustu sem varðar þau sjálf.
- Bein aðkoma barna að ákvörðunum er helst í gegnum ungmennaráð Garðabæjar, nemendaráð og starf nemendafélaga, flestir skólar halda nemendaping og nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.
- Almennt er reynt að taka tillit til þarfa og óska barna við veitingu þjónustu og horft til fjölbreytileika, hugmynda um jafnræði og ólíkra áhugasviða.
- Reglubundin forvarnafræðsla er til barna og unglinga, forráðamanna og íbúa og reynt að fylgjast vel með. Reynt að bregðast hratt við ef vart er við eitthvað rof í samfélaginu.

5.2 Helstu tækifæri til að efla og vinna betur í sveitarfélaginu að mati stýrihóps

- Yfirfara eldri stefnur með tilliti til Barnasáttmálans ásamt því að horfa með skipulögðum hætti til sáttmálans við gerð fjárhagsáætlana og í allri stefnumörkun sveitarfélagsins.
- Réttindafræðsla verði gerð markvissari, aðgengilegri og í meiri samfellu gagnvart íbúum og starfsfólki stofnana sveitarfélagsins. Búa til fræðsluáætlun.
- Setja upp e.k. mælikvarða á réttindafræðslu og þekkingu á inntaki Barnasáttmálans.
- Auðvelda börnum að koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara í stjórnkerfinu t.d. með hugmyndakössum, samtali gegnum nemendaping og með endurgjöf eða kennslumati í skólum.
- Tilkynningarhnappur sé aðgengilegri fyrir börn og skoðað verði að setja sér flipa á vefsíður skóla og sveitarfélagsins sem vísar á síðu sem tileinkuð er börnum.
- Tryggja að það séu til upplýsingar um líðan og stöðu barna í leikskólum og á yngsta skólastiginu.
- Finna leiðir til að virkja yngstu börnin t.d. með þátttökuverkefnum. Skoða möguleika á að innleiða réttindaleikskóla og/eða vinna sérstaklega með leikskólastigið og Barnasáttmálann.
- Skoða vel jaðarsetta hópa sem og hvernig unnt er bæta samskipti, samráð og upplýsingaflæði. Skoða e.t.v. í því sambandi ýmsa skráningar- og innritunarferla og ekki síst varðandi erlend tungumál.
- Kynna betur niðurstöður rannsókna og kannana fyrir börnum, ungmennum og ungmennaráði sveitarfélagsins.
- Virkja og styrkja ungmennaráðið enn frekar og þá sérstaklega þannig að þau komi fyrir að málum og ákvörðunum. Skilgreina hlutverk ungmennaráðs í stjórnsýslunni betur.
- Búa til skýrari og markvissari verkferla varðandi samráð við börn og ungmenni á öllum sviðum sveitarfélagsins og ekki síst virkja ungmennaráð betur.
- Efla aðkomu barna að skipulagsmálum og tengja þeirra þátttöku í og við gerð fjárhagsáætlana. T.d. með beinni aðkomu að [samráðsverkefninu „Betri Garðabær“](#).
- Bæta ásýnd stjórnsýslunnar og félagsþjónustu gagnvart börnum. Í því felst að aðstaða og móttaka bjóði börn velkomin og sé barnvæn t.d. á fjölskyldusviði o.fl.


- Að fleiri skólar í Garðabæ skoði að gerast Réttindaskólar og hljóti viðurkenningu Unicef.

6 Viðhorfskannanir

Í maí/júní 2021 voru gerðar tvær viðhorfskannanir, önnur meðal barna í 5.–10. bekk í grunnskólum í Garðabæ og hin meðal starfsmanna bæjarins. Framkvæmd þeirra var hjá verkefnisstjóra innleiðingar Barnasáttmálans og settar fram í góðri samvinnu við fræðslu- og menningarsvið, persónuverndarfulltrúa og kjara- og mannauðsdeild Garðabæjar. Rýnt var í útkomuna og helstu þættir dregnir út og hvað mætti sjá út úr svörum.

6.1 Könnun meðal barna

Könnunin innihélt 22 spurningar og var framkvæmd í lok maí og byrjun júní 2021. Könnunin var send á skóla og skólastjóra sem útfærðu könnunina sem var í gegnum netið til nemenda. Skólastjórnendur voru beðnir um að hvetja umsjónarkennara til að nýta kennslustund til að nemendur gætu svarað könnuninni. Gefnar voru 2-3 vikur til að svara og ekki voru sendar út áminningar til nemendanna sjálfra til að lágmarka truflun og áreiti. Svörun tókst ágætlega þar sem komið var að skólalokum í byrjun júní.




Mynd 2 - Aldursdreifing barna sem tóku þátt í könnuninni. 783 svör eða u.þ.b. 50% af heildarfjölda barna í skólum í Garðabæ

Alls bárust svör frá 783 af 1517 nemendum í 5.-10. bekk í skólum í Garðabæ. Heildarfjöldi nemenda í Garðabæ er eitthvað hærri (1612) þar sem nemendur tilheyra einkaskólum eða eru í námi í öðrum skólum utan bæjarins. Spurningalistum var einungis dreift skóla í Garðabæ og þ.m.t. Alþjóðaskólan og Barnaskóla Hjallastefnunnar sem eru einkareknir.

Svörun telst því vera öðru hvoru megin við 50% þegar miðað er við heildarfjölda nemenda í skólum í Garðabæ. Þegar skoðuð er mynd af aldursdreifingu þeirra sem svara má sjá nokkuð jafna svörun eftir aldri frá 10 ára (5. bekkur) til 16 ára (10. bekkur).

Þegar spurt er um kyn svara 19 af 783 því að vera ekki strákur/stelpa og merkja við annað. Þetta væri yfirfært á heildarfjölda (1500) má áætla ca. 40 börn í Garðabæ eða 2-3% skilgreina sig ekki skv. hefðbundnum kynskilgreiningum. Þetta var að mati stýrihópsins athyglivert og til marks um viðhorfsbreytingar og opnari umræðu um fjölbreytileika undanfarin ár.




Mynd 3. Sýnir fjölda barna sem skrá kyn sitt annað, stelpa eða strákur.




Mynd 4. Sýnir fjölda barna þar sem töluð er íslenska á heimili eða önnur tungumál.

Þegar spurt var um tungumál á heimilinu kom í ljós að íslenska er töluð á 80% heimila svarenda og íslenska ásamt öðru tungumáli á 16% heimila og eingöngu er annað tungumál en íslenska á 4% heimila. Það er mjög athyglisvert hve hátt þetta hlutfall er og að samtals séu 20% heimila sem hafa bæði eða annað tungumál en íslensku. Niðurstaðan er hærri en flestir hefðu giskað á og sýnir hvað samfélagið hefur opnast og tekið miklum breytingum á undanförunum árum.



Mynd 5. Sýnir fjölda og hlutfall barna sem hafa heyrt talað um Barnasáttmálann.



Mynd 6. Sýnir svör barna og fjölda þeirra sem telja að þau eigi rétt á að tjá sig. Flestir telja sig eiga rétt til þess eða 90%.

Spurt var hvort börnin hefðu heyrt um Barnasáttmálann og reyndust um 27% barna ekki hafa heyrt um Barnasáttmálann. Hátt hlutfall barna telja sig eiga rétt á að tjá sig, tæp 90% svara já. Almennt virðast börnin vel meðvituð um réttinn til að tjá sig.


Í fleiri spurningum sem kanna þekkingu barna á Barnasáttmálanum og réttindum kom í ljós að:

- 30% barnanna telja sig geta nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum.
- U.þ.b. 60% barna sem svara telja að réttindi Barnasáttmálans fjalli um sig.
- 10% barna telja sig missa réttindi ef þau „gera eitthvað af sér“.


Börnin voru spurð um möguleika varðandi þátttöku og virkni. Þar segjast aðeins 25% hafa verið spurð um hvað megi betur gera fyrir börn í sveitarfélaginu og 30% svara að þau vilji oftara vera spurð um hvað megi betur gera fyrir börn. Í þessu má greinilega gera á einhvern hátt betur eða hugsa fleiri tækifæri. Einnig var spurt „Hvernig er hægt að leita eftir skoðunum þínum?“. Flestir eða 27% svarenda nefna einhvers konar þátttöku, svo tölvupóst eða hringja. Nefna nánast ekki samfélagsmiðla eða netið sem leið til að koma skoðunum á framfæri.

Þegar börnin eru spurð út í áhrif barna á íþrótt og tómstundaiðkun þá segja 50% að þau hafi áhrif á skipulag í íþrótt- og tómstundastarfi.

Aðeins 20% barna telja sig hafa fengið einhverja kynningu á ungmennaráði bæjarins. 20% finnst þau geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs, 80% svara nei eða vissu ekki af möguleikanum. Það er því gott sóknarfæri í því að koma ungmennaráðinu og málefnum sem það stendur fyrir miklu betur á framfæri.



Mynd 7. Aðeins 20% barna segjast hafa fengið kynningu á ungmennaráði Garðabæjar.




Mynd 8. 75% aðspurða segja að þeir eða bekkjarfélagi hafi verið spurðir að því hvernig hægt er að gera skólann betri.

Upplifun á lýðræði í skólastarfi virðist vera til staðar hjá börnunum og fleiri en færri telja sig fá að hafa áhrif á ýmislegt í skólaumhverfinu. Verður það að teljast jákvæð staða fyrir starfið í grunnskólanum.

Við spurningunni: „Hafa starfsmenn skólans þíns spurt þig eða bekkjarféлага þína hvernig hægt sé að gera skólann betri?“ svara 75% barna því játandi. Tæp 68% barna tjá það að öll börn fái að segja skoðanir sínar í kennslustundum. 60% barna telja sig fá að hafa áhrif á það sem gert er í kennslustundum í skólanum og á viðburðum skóla. 80% segja að þau hafi fengið kynningu á nemendaráði eða skólaráði eða bæði í skólanum. Tæp 60% telja sig hafa möguleika að bjóða sig fram í þessi ráð.


Börnin voru spurð, telur þú að „Að fullorðna fólkið í skólanum viti hvernig á bregðast við ef barni líður illa í skólanum eða heima?“. 50% telja að svo sé, 30% vita ekki og 20% svara spurningunni neitandi. Flest börnin sem svara telja sig geta leitað til einhvers þegar þeim líður illa innan skólans þá helst umsjónarkennara og námsráðgjafa. Um 15% segjast ekki geta leitað til neins innan skólans.



Mynd 9. Sýnir hlutfall þeirra starfsmanna sem börn leita helst til ef þeim líður illa í skólanum. 15% segja að þau hafi engan til að leita til.

Þegar svör voru skoðuð ítarlega sem einkenndu þennan 15% hóp sem á erfiðara með að leita til starfsfólks sveitarfélagsins kemur helst í ljós að hærra hlutfall úr þeim hópi eða 7 af þeim 19 börnum sem merktu sig vera annað kyn en hefðbundið telja sig í þessum hópi. Það gefur e.t.v. vísbendingar um að huga betur að málum barna sem skilgreina sig öðruvísi og ætla má að tilheyri litrófi hinsegin samfélagsins. Hér eru skilaboð um að þau eigi e.t.v. erfiðara með að leita til fullorðinna í skólakerfinu með sín mál.

Í spurningunni um hvort börnum finnst gott eða slæmt að búa í Garðabæ tjá langflestir að þeim finnst frekar gott, gott eða mjög gott að búa í sveitarfélaginu eða liðlega 96% . Frekar slæmt til mjög slæmt svara 4% eða 21 barn. Reynt var að skoða hvort þetta væri mögulega á einhvern hátt einsleitur hópur í úrtakinu varðandi aldur, kyn og eða annað. Ef hópurinn er skoðaður eftir aldri má sjá að flestir sem tjá að slæmt sé að búa í í bæjarfélaginu séu unglingar í aldurshópnum 14 og 15 ára en jafnframt eru þau stærsti svarendahópurinn og því varasamt að álykta eitthvað út frá því. Aldurshópurinn á 300 svör af 780. Kyn og aðrar breytur voru því ekki einkenni sem gáfu tilefni til ályktana.



Mynd 10. Börn spurð hvernig þeim finnst að búa í bæjarfélaginu á kvarðanum mjög slæmt til mjög gott.

6.2 Könnun meðal starfsmanna

Í apríl 2021 var sendur út spurningalisti með 22 spurningum til starfsmanna bæjarins til að kanna þekkingu og viðhorf starfsmanna til Barnasáttmálans og áhrif hans í daglegu starfi. Könnunin var send út á u.þ.b. 1100 tölvupóstföng með bréfi frá bæjarstjóra og minnt var á svörum amk. einu sinni. Svör bárust frá tæplega 293 starfsmönnum. Svörin var því um 25% miðað við heildarfjölda starfsmanna. Áætlað er að allt að 7-800 starfsmenn séu að jafnaði virkir notendur á starfsnetföngum sínum. Flest svör bárust frá starfsfólki í grunnskólum, leikskólum og frístund og félagsmiðstöðvum enda stærstu einingarnar en hlutfallslegar heimtur úr stjórnsýslu og bæjarskrifstofum voru tiltölulega góðar m.v. heildarfjölda. Bæjarskrifstofur hýsa fjármála- og stjórnsýslusvið, umhverfissvið, fjölskyldusvið og fræðslu- og menningarsvið sbr. samantekt í töflu 1:

Tafla 1 Gróf flokkun – Svörin eftir vinnustöð starfsmanna.

Svarendur	Fjöldi	Hlutfall
Bæjarskrifstofur /stjórnsýsla-kjörnir fulltrúar	63	29%
Starfsmenn grunnskóla, leikskóla, frístundar og félagsmiðstöðva	150	48%
Gefa ekki upp starfsstöð eða klára ekki könnun	82	23%



96% starfsmanna (m.v. öll svör) segjast hafa heyrt um Barnasáttmálann og flestir telja sig geta nefnt einhver atriði eða eitt til fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum. Eitthvað hikstar svörunin því að við skoðun á svarþýðinu eru 52 af 293 sem hófu könnunina sem hætta að svara eftir tvær fyrstu spurningarnar. E.t.v. má ráða í það ákveðið áhugaleysi á málefnum en erfitt að fullyrða eitt né neitt. Mikilvægt er að hafa það í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar hér á eftir að það eru ekki allir sem svara þegar líður á könnunina en svör gefa ágætar vísbendingar um stöðu mála. Starfsmenn voru beðnir um að nefna 4 atriði í innihaldi sáttmálans og geta 25% starfsmanna nefnt 1 atriði. Síðan er þetta koll af kolli ótrúlega jafnt. Þeir sem geta nefnt 2 atriði eru 25% til viðbótar, 3 atriði segja 25% og síðustu 25% nefna 4 atriði. Segja má að starfsmenn gefi til kynna einhverja þekkingu á efni sáttmálans en misvel.



Mynd 12. Fjöldi starfsmanna sem hafa heyrt talað um Barnasáttmálann.

Spurt var hvort börn eigi alltaf rétt á að tjá sig. Þar svara 99% starfsmanna játandi og einnig hvort Barnasáttmállinn gildi fyrir öll börn svara já 99%. Í spurningunni „þarf barn að haga sér vel svo þau fái réttindin sín tekin gild?“ svara 95% nei ef teknir eru frá þeir sem hættu við könnunina. Þegar spurt er hvort það sé ástæða til að tryggja frekar réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum þá svara 88% starfsmanna því játandi.

Aðspurð um fræðslu segjast um 60% starfsmanna hafa fengið fræðslu um réttindi barna og 10% segjast ekki vera viss. 25% segjast ekki hafa fengið neina fræðslu. Sjá má aðeins mun á útbreiðslunni hvort heldur viðkomandi starfar í skólaumhverfi eða tilheyrir almennari stjórnsýslu út frá grófri flokkun starfsstaða sem var hér að ofan (tafla 1). Þegar svörin eru borin saman skv. mælistikunum hér að neðan kemur í ljós að menntasviðið er eitthvað betur að sér en almenna stjórnsýslan.



Mynd 13. Sýnir fjölda sem hefur fengið fræðslu annars vegar skólar og menntasvið og hinsvegar almenna stjórnsýslan.

Þegar spurt er hvort það sé ástæða til að tryggja frekar réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum þá svara 88% starfsmanna því játandi.

Aðspurðir hvort starfsmenn geti tengt Barnasáttmálann við starfið sitt svara 93% starfsmanna spurningunni játandi.

84% svarenda telja sig spyrja börn álits um þeirra mál í starfinu ef þeir 57 sem svara ekki spurningunni eða hætta í könnun eru ekki taldir með. Svarendur lista upp ýmis dæmi: skólaþing, vinnu með nemendaráðum, börnin séu spurð um hvað þau vilja t.d. varðandi mat, velja leik, umhverfi, hvað kemur þeim vel, hvernig reglur eiga að gilda, velja verkefni o.fl. Við spurningunni: „Hafa börn áhrif á mál í þínu starfi?“ – svara 46% játandi, 38% svara að þau gætu haft meiri áhrif. Nei svara u.þ.b. 8% starfsmanna. Starfsmenn svara spurningunni „Hefur þú nægjanlegt svigrúm í starfi þínu til að leita eftir viðhorfum barna?“ Já svara 64% . Nei svara 20%. Á ekki við segja 12%.



Mynd 14. Fjöldi svara við spurningunni hvort starfsmenn spyrji börn álits í starfi sínu.

Nokkrar spurningar virðast mæla áhrif verkefnisins *Velferð barna í Garðabæ* sem snýst um sérstakt verklag í skólum og öðrum stofnunum varðandi tilkynningaskyldu, vanrækslu og vernd.

Töluvert hefur verið lagt í fræðslu um verkefnið á undanförunum árum og stendur jafnan stofnunum til boða með reglubundnum hætti. Í spurningakönnuninni kemur í ljós að nokkuð hátt hlutfall starfsmanna telja sig hafa fengið kynningu varðandi „Tilkynningaskyldu“ eða 76%. Sama á við um svör varðandi skýrar verklagsreglur um „Tilkynningaskyldu á þínum vinnustað“ – já segja 78%. Nei segja 10%.

65% tjá að þeir „Hafa fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig eigi að bregðast við?“ Nei segja 35%. „Veist þú hvernig þú bregst við ef þig grunar að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu?“ Já segja 92% - nei segja 8%. „Hefur þú tilkynnt til næsta yfirmanns eða til barnaverndar grun um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi?“ já oft 26% og einu sinni 32%. Enginn tjáir að hann/hún/það vilji skorast undan að tilkynna.

Í lokin er spurt hversu sammála eða ósammála viðkomandi er þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmálann inn í allt starf og stefnumótun bæjarins. Mjög sammála 76%, sammála 15%, hlutlaus 6% og enginn segir sig vera á móti Barnasáttmálanum.

7 Raddir barna

7.1 Ungmennaping

Í nóvember 2021 stóð ungmennaráð Garðabæjar fyrir ungmennapingi. Ungmenninn sáu sjálf um undirbúning og skipulagningu. Ákveðið var að leggja þingið upp sem hluta af dagskrárlið í árlegri forvarnaviku Garðabæjar og nýta þar athyglina og fókusinn á málefni barna.

Farið var í mörgu eftir skipulagi frá ungmennapingi sem var haldið síðast 2018 og þótti takast mjög vel.

Ungmennapingið var auglýst á instagram ungmennaráðsins og auglýsingar látnar ganga á miðlum félagsmiðstöðva. Plaköt og skjáauglýsingar voru settar upp í skólum. Þingið var haldið í sal Flataskóla og óráðið í fyrstu með dagsetningar og tíma vegna annarrar starfsemi í húsinu. Ungmennaráðið fékk aðstoð frá starfsfólki félagsmiðstöðva og fulltrúa stýrihópsins við að halda utan um niðurstöður fundarins.

Þegar upp var staðið mættu alls 13 unglingar og viss vonbrigði með mætingu þrátt fyrir ágæta fyrirhöfn. Skýringar voru eftir á að fyrir vissa tilviljun endaði dagsetning á degi sem var skipulagsdagur grunnskólanna og að auki félagsmálaferð á vegum félagsmiðstöðvar á sama tíma. Ungmennaráðið biðlaði sérstaklega til þess hóps sem fór í félagsmálaferðina að taka til umfjöllunar á félagsmálafundi helstu upplegg ungmennapingsins og skila af sér punktum skv. dagskrá og starfstöðvum. Þau skiluðu af sér ábendingum og svo skemmtilega vildi til að nokkrar tillögur voru samhljóða á báðum stöðum s.s. eins og hugmyndir um skautasvell. Samantekt á helstu niðurstöðum er að finna í töflu 2 á næstu síðu.

7.2 „Stelpur skína“ – ráðstefna, vinna og fundaröð

Í sömu forvarnaviku haustið 2021 var haldin stór íþróttaráðstefna undir yfirskriftinni „Stelpur skína“ fyrir stúlkur á aldrinum 14-16 ára. Alls tóku um 100 stúlkur þátt og komu frá öllum helstu deildum íþróttafélaga bæjarins.

Þingið var haldið með aðstoð KVAN og markaði upphaf að vinnu og fundaröð yfir tímabilið 2021-2022 þar sem markmiðið var að valdefla hóp stúlkna í íþróttum og efla leiðtogaþæfni. Myndi geta staðið sem sérstök aðgerð í anda BVS. Á ráðstefnunni komu fram ýmsar góðar hugmyndir er varðar aðstöðu, umhverfi, hvernig hægt er að auka jafnræði o.fl. Unnið er að sérstakri greinargerð um hvernig verkefnið tókst til og mikilvægt er að miðla því áfram til félagasamtaka og stofnana.



Mynd 15. Auglýsing vegna ungmennapings birt í skólum og félagsmiðstöðvum og á Instagram, heimasíðum o.fl. í bæjarfélaginu.



Ljósmynd 1 – Stelpur skína - stúlkur á þingi.



Ljósmynd 2 – Stelpur Skína – stúlkur á þingi.

7.3 Niðurstöður frá ungmennáþingi og íþróttáþingi stúlkna

Stýrihópurinn ákvað að nýta samlegðaráhrif og raddir stúlkanna frá ráðstefnunni og sameina við efnið frá ungmennáþinginu enda margt sem kom þar fram í anda Barnasáttmálans. Hér að neðan eru helstu ábendingar listaðar í töflu 2.

Skólamál	Betri Garðabær - samgöngur	Íþróttir, tómstundir	Annað
• Samræmi, jöfn próf í skólum • Meiri heimilisfræði á Álftanesi • Hætta með Skólamat – fá kokk í skólana • Fjármálalæsi • Meiri viðveru hjúkrunarfræðings • Fleirii eftirlitsmyndavélar – stuldur, skemmdarverk á hjólum og eigum. • Sálfræðinga í skóla ekki bara námsráðgjafa (treysta þeim ekki alltaf) • Talnalása á skápa • Ráða hvaða tungumál viðkomandi vill læra • Meiri áherslu á lífsleikni • Meiri kynfræðslu • Fleiri fyrirlestra og fræðslu um kvíða, þunglyndi, og aðra geðsjúkdóma • Banna dönsku	• Varúðarskilti v. fugla á Álftanesi • Fleiri ruslatunnur í bæinn • Ódýrara eða frítt í strætó fyrir 18 ára og yngri • Tíðari strætóferðir • Bæta upplýsingar frá Strætó – t.d. breytingar á áætlun • Fleiri ruslatunnur í bæinn • Skautasvell á Garðatorg 7 • Sterkari ljós á ljósastaura • Meira úrval af vinnu fyrir ungmenni • Stycki til ungmenna fyrir ýmis konar þjónustu • Jólatorg á Garðatorg – kakó vöflur fyrir íbúa. • Verslun á Álftanesið • Hafa snyrtilegra í bænum • Hafa bókasafnið á Garðatorgi og Álftanesi opið lengur	• Frístundabíl í íþróttir á Álftanesi og í Stjörnuna • Skautasvell á Garðatorg • Líkamsræktarstöð í Garðabæ – World class í Ásgarð • Rennibraut í Ásgarðslaug • Meiri fjölbreytni – val á íþróttum á Álftanesið • Körfubolti fyrir stelpur á Álftanes • Fleiri skólahreystibrautir t.d. við Sjálandsskóla • Lækka körfur á leikvöllum fyrir yngri • Hafa ærslabelgi opna lengur en til 21.00 • Ekki slökkva ljós á battavöllum of snemma • Fleiri leiktæki sem henta yngstu börnunum • Leyfa félagsmiðstöðvum að hafa meira opið • Fleiri leikvelli í Ása og Sjálandshverfi • Laga leikvöll við Sjávangötu – búinn að vera lélegur í 3 ár • Bæta úrval matsölu í íþróttahúsum • Hollara úrval matvara á leikjum • Minnka hitann í TM – Höll • Jafna aðstöðu kynja í sömu íþrótt t.d. styrktaræfingar séu f. bæði kyn • Fleiri battavelli	• Áhyggjur vegna fíkniefnaneyslu • Unglingar og sérstaklega strákar ekki nógu kurteisir • Ekki nóg traust, milli krakka - oft hlutum stolið frá manni.

Tafla 2. Samantekt punkta frá ungmennáþingi og íþróttáþingi stúlkna.

7.4 Sérfræðihópar barna

Sérstakur kafli í stöðugeiningunni var að koma á laggirnar samtali við sérfræði- og rýnihópa barna. Við fengum til liðs við okkur 3 grunnskóla til að velja inn í markhópa barna og tryggja að innanborðs væru börn sem hefðu reynslu og þekkingu út frá ákveðinni sérstöðu.

Fyrsti rýnihópurinn voru börn af erlendum uppruna, annar hópur voru börn í nýjum skóla í nýju hverfi í uppbyggingu, þriðji hópurinn var sérstaklega valinn með það í huga að fá þátttakendur sem hafa reynslu af stoðþjónustu bæjarins frá ýmsum hliðum.

Sama yfirmarkmið var í samtali allra hópa þar sem spurt var: „Hvað getum við lært og hvað má gera betur?“ Afraksturinn var í mörgu ólíkur en margt áhugavert sem kom frá börnunum og getur gagnast bæði stórt og smátt. Gegnum gangandi fengu börnin tækifæri að fást við spurningar sem tengjast helstu grunnpáttum Barnasáttmálans. Tækifæri til að hafa áhrif, tjá skoðanir um umhverfi sitt og samfélag, álykta um jafnréttismál og jöfn tækifæri, félagslega þátttöku og gefa góð ráð til valdhafa um hvað betur má fara hefðu þau valdið.



Ljósmyndir 1 og 2: Bæjarstjóri Almar Guðmundsson spjallar við hóp barna og rýnihópur að störfum í vinnustofu.

7.4.1 Sérfræði- og rýnihópur 1 – börn af erlendum uppruna

Settur var saman sérhæfður rýnihópur með börnum af erlendum uppruna til að heyra þeirra álit og hugmyndir að ýmsu sem snýr að móttöku og aðlögun. Ákveðið var að skoða og heyra sérstaklega í þessum hópi út frá Unicef spurningakönnuninni sem var lögð fyrir grunnskólanemendur. Þar kom í ljós að hjá 20% nemenda er ekki eingöngu töluð íslenska á heimilinu. Mengið sem valið var kom af unglingastiginu, þ.e. börn á aldrinum 13-16 ára. Í samráði við námsráðgjafa og starfsmann félagsmiðstöðvar við skólann og ábendingar frá þeim var hnippið í 10 börn. Einnig fengu börnin kynningarbréf til forráðamanna þar sem óskað var eftir samþykki forráðamanna um þátttöku. Farið var eftir forskrift BVS og enginn skyldaður til þátttöku. Fyrri kynningarfundur fór í að greina frá tilgangi rýnnar og athuga hvort viðkomandi vildu taka þátt ásamt því að verkefnið Barnvænt sveitarfélag var kynnt. Boðið var upp á veitingar og staðsetningin var í aðstöðu félagsmiðstöðvar.

Spurningarnar sem lágu til grundvallar í kynningu og samtali voru á þessa leið:

1. Hvernig gengur/gekk að eignast vini og félagi á nýjum stað?
2. Hvað skiptir mestu máli þegar maður kemur nýr á nýjan stað?
3. Er hægt að aðstoða einhvern veginn betur fjölskyldur sem tala önnur tungumál?
4. Eru einhverjar reglur skrátnar og eitthvað sem þarf að útskýra betur?
5. Góðar hugmyndir eða reynsla barna frá öðrum stöðum þar sem þau hafa búið og við getum lært af og nýtt okkur.

Við bættist svo hvort þau væru virk í félagslífi, tómstundum, og ef þau mættu ráða hverju vildu þau helst breyta.

Einkenni hópsins voru helst:

- Um helmingur þeirra hefur búið hér mest alla ævi.
- Þau voru jákvæð að taka þátt.
- Mismunandi trúar- og menningarmunur eftir uppruna.

Samantekt umsjónaraðila á helstu atriðum rýnihóps 1:

Almennt létu börnin vel að tilveru sinni. Þegar rætt var um vinafélög og annað því tengt voru flestir á því að það væri ekki vandamál og þeim almennt vel tekið af skólafélögum og gengið vel að eignast vini. Skólarnir, kennarar og aðrir starfsmenn hafi einnig lagt sig eftir því í þeirra tilfellum. Töldu sig lítið verða vör við fordóma almennt í eigin garð en könnuðust samt við eitt og annað í þeirri umræðu fullorðinna. Helst stök dæmi um stríðni skólafélaga sem hefði staðið stutt og verið unnið strax í af hálfu skólanna. Ein ábending eða dæmi var að lítil kunnátta í íslensku gæti valdið því að ýmsir ályktuðu að viðkomandi væri talinn tornæmur/greindarskertur og þyrfti að passa sérstaklega vel upp á það – skýra og skilja. Hópurinn var sammála að þau væru frekar fókuseruð á framtíðina – meira en flestir og búin að setja sér markmið um hvað þau vilja læra og taka sér fyrir hendur. Foreldrar væru áhugasamir um að ræða framtíðina og fylgja þeim vel eftir. Áhersla á að taka námið föstum tókum og það skiptir máli að standa sig vel.

Ágætur stuðningur er t.d. af sérskólum sem þau sækja þar sem þeim er sinnt á sínu móðurmáli og hjálpar mikið að eiga þennan möguleika.

Aðspurð hvort þau myndu vilja breyta einhverju í skólanum eða bæjarfélaginu kom fram hugmynd um hvort þau gætu á grundvelli þess að eiga annað tungumál fengið að sleppa í staðinn t.d. dönsku og/eða hún væri amk. frekar val fyrir þau. Koma því inn að önnur tungumál væru viðurkennd sem verðmæti.

7.4.2 Rýnihópur 2 – börn í hverfi sem er í uppbyggingu

Farin var sú leið að bjóða öllum elstu börnum í 7. og 8. bekk úr fyrsta árgangi í unglingadeild í nýjum hverfissskóla, Urriðaholtsskóla í hópinn. Alls voru þetta 25 börn. Skólinn annaðist það að afla samþykki forráðamanna v. þátttöku í verkefninu, útskýra tilgang og þ.h. Fengum til liðs við okkur kennara, námsráðgjafa og starfsmann félagsmiðstöðvar til að aðstoða við vinnustofurnar sem voru í samræðu- og þjóðfundarstíl en þátttakendur settu hugrenningar sínar á blað. Hist var í Sveinatungu í ráðstefnusal á bæjarskrifstofum og veitingar á boðstólum.

Verkefnið Barnvænt sveitarfélag var kynnt í upphafi og bæjarstjóri ávarpaði fundinn (að ósk frá börnunum) og ítrekaði mikilvægi þeirra radda í samfélaginu. Hópurinn horfði saman á myndband Unicef um Barnasáttmálann og í framhaldinu var tekið til við 5 vinnustofur með vissum álitafnum. Þar var horft á skipulagsmál hverfisins og álit barnanna, öryggismál og félagsmál voru rædd og hvað helst mætti bæta í nýju hverfi og í skóla í mótun. Þótti takast afar vel til en hópurinn var ákveðið þversnið af hverfis-samfélaginu og í honum voru m.a. börn á flóttu svo það sé nefnt.

Í samantekt má skynja ákall barnanna um meira líf í hverfið og þjónustu. Börnin vilja sjá bíó, sjoppu, ísbúð og ærslabelg í hverfið sitt en bentu einnig á að netið í hverfinu væri ekki nægilega gott. Þá vilja þau sjá betri umgengi og þríf í hverfinu, fleiri leikvelli, stórt jólatré og fleiri bekki. Samgöngur eru ofarlega í huga þeirra og ósk eftir auknum strætóferðum í hverfið með fleiri stoppum, frístundabíl um helgar, sundlaug með rennibraut, fleiri hljóðfærakennurum og meira úrval íþróttar og afþreyingar.

Börnin óskuðu eftir meiri hlustun, að þau séu spurð álits t.d. um skipulag skólalóðar, starfsemi bókasafns og mötuneytisins og að til væri vettvangur þar sem auðvelt væri fyrir þau að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Varðandi öryggi þá var nefnt að breikka göngustíga, huga að bættri lýsingu og gangbrautarljós og undirgöng/brýr úr hverfinu yfir í opin útivistarsvæði. Þau biðla um meira félagslíf, benda á að leikvællir séu mikilvægir í tengslamyndun og að foreldrar kæmu meir að því að skipuleggja vinahópa.

Hér að neðan má sjá afrakstur frá börnunum í listuðu yfirliti úr vinnustofunum.



Ljósmynd 3 – Vinnuborð, álit og hugmyndasöfnun



Ljósmynd 4 – Vantar gítarkennara

Vinnustofa 1		Vinnustofa 2	
Félagslíf - íþróttir - og framtíðin	Takmarkanir	Börn geti haft áhrif á málin -	Fá upplýsingar sem þarf
Skatepark	Frítt í strætó - langt að fara	Haft hugmyndabox	Senda póst
Fimleikasal	Fleiri strætóa í hverfið	Geta talað við rétta fólkið	Upplýsingar á réttan stað
Skautasvell	Fleiri strætó stoppstöðvar	Búa til vefsíðu til að segja sína skoðun	Kenna hvar finna upplýsingar
Leikjaherbergi	Frístundabíl um helgar?	Allir hlusti á aðra	
Gosbrunnur	Opna leið Flóttamannaveg	Skrifa hugmyndir - skólastjóri á réttan	
Fleiri gítarkennara		Með því að spyrja oft	
Sundlaug rennibrautum		Halda fundi og tala saman	
Fleiri hjóðfærakennara		Hlusta meira á okkur	
Teiknínámskeið - x y sports		Halda get to gether - tala um laga og	
Sjoppu		Hafa bekkjarfundi	
Sleðabrekkur		Fá athygli frá fólki - þeim sem ráða	
Tivoli		Tala við önnur börn - öll börn	
Föndurnámskeið		Fá að ráða bókasafninu	
Körfuboltavöll		Börn fái séns og leyfa þeim að tala	
		Taka tíma í hugmyndavinnu	
		Nemendaráð með í ráðum, t.d. skólalóð - börnin nota ekki fullorðnir	
		Fá að ráða meiru með matinn - t.d.	
Meira úrval af íþróttum			
Hjólastíga			
Íþróttahús			
Malbikaðan stíg í Miðgarð			
Frísbívoll			
Félagsmiðstöð opna i sumar			
Gangbraut yfir á golfvöllinn			
Alls konar námskeið f - allan aldur			

Tafla 3 - Punktar úr vinnustofu 1 varðandi félagslíf, íþróttir og framtíð og vinnustofu 2 um hvernig börn geti haft áhrif á málin.

Vinnustofa 3	Vinnustofa 4
Öryggi í hverfinu	Nýtt hverfi - Nýir krakkar - góð móttöka
Bílar keyra of hratt	Vínahópar - skipuleggja móttökunefndir fyrir nýja
Auðveldari leiðir í skólann	Fjölmíðlagrúppa með öllum í bekknum
Göngustígar svo ekki langar leiðir	Fleiri staði / möguleika til að allir geti gert eitthvað saman
Klára að malbika gönguleið við vatn	Möguleiki á „hitting“ fyrir utan skólann
Vantar undirgöng/brú á golfvöll / Maríuhelli /Heiðmörk	Búa til skólavefsíðu þar sem nýir koma inn
Ljós kringum vatnið	Skemmtanir eftir skóla - allir með frísbi,tennis,blak, skautar
Fleiri gangbrautir	Bekkarvinir
Klára göngustíga í hverfinu	Leyfa öllum að vera með
Hjólastíga / göngustígar þröngir / hjóla á fólk	Foreldrar skipuleggi „vinakvöld“ leikir ofl.
Meiri birtu á göngustíga	Skólavinir - skipuleggja svoleiðis
Laga ljósastaurana	Meira félagslíf
Salta betur göngustíga - mjög hált	Sýna þeim hverfið og allt
Gönguljós við Lindarstræti - fáir bílar stoppa!	Betri leikvelli - kynnast betur þar
Of mjóar gangbrautir	
Merkingar fyrir gangbrautir	
Rörið í Kastalanum á skólalóð ere hættulegt	
Illu gengið frá byggingasvæðum	
Tæki og rusl á við og dreif	

Tafla 4 - Punktar úr vinnustofu 3 varðandi öryggi í hverfinu og vinnustofu 4 um hvernig best er að taka á móti nýjum krökkum.

Vinnustofa 5	
Viðhorf til Garðabæjar - Garðabær fyrsta hugsun	Ef ég væri bæjarstjóri.....
Mikið af börnum	Skautasvell, tennis og blakvöll
Heimili mitt, fjölskylda (margir)	Skatepark (margir með það)
Góður, stór, margir, Cosco	Bíó , ísbúð
Bílar - mikil umferð	Byggja bókasafn
Byggingar, heimili, ikea,hagkaup,umferð, stór hús, kettir,fuglar	Vantar apótek
Fjölskylda, samfélag,heimili, Amma og Afi	Bæta við ruslatunnum
Urriðaholt saman Urriðaholtsskóli	Hagkaup
Gróður - urriðavatn - Ikea	Fá sjoppu ofar í hverfið
Urriðaholt -heimili - Costco - skóli - bær	Fleiri ljósastaura og kringum vatnið
Heimili og fjölskylda	Hreinsa hverfið - rusl
Urriðavatn, hús, heimili, skóli	Skemmtigarð
Ikea, skóli, gaman, gott fólk :)	Bæjarstjóri - hlusta á allar skoðanir
Urriðaholt - vinir - gróður í kring, vatnið, Ikea, fjölskylda	Frítt - nýtt Wifi (margir með það)
	Betra internet
Ef ég væri bæjarstjóri.....	Hubbu ís
Gókart	Skautasvæði
Trambólín á alls konar staði	Sjoppu eins og Bitakot á Álftanesi
Stofna hagsmunafélag	Rennibraut á stigann í skólanum
Bæta við leikvöllum	Ærslabelg
Ljós göngustíga - betri lýsing	Stórt jólatré
Félagsmiðstöð fyrir alla krakka í hverfinu	Hjóla og vespu verslun
Undirgöng, veitingastaði, Mathöll	Lýsing kringum skólann og gangstíga
Meiri tré og gróður eins og í eldri bænum	Fleiri hjólastíga, ruslatunnur, ljósastaura
Fleiri bekkir	Smábarnaleikvöll, kóngulóarrólu

Tafla 5 – Punktar úr vinnustofu 5 um viðhorf til Garðabæjar og ef viðkomandi fengi að vera bæjarstjóri og ráða.

7.4.3 Rýnihópur 3 – börn með skoðanir varðandi þjónustu, öryggi ofl.

Í rýnihópi 3 var áhersla á að ræða m.a. stuðning og þjónustu, góð ráð til valdhafa og jöfn tækifæri og leiðir til að hafa samráð við börn. Farin var sú leið að hnippa í 12-14 í börn úr 7. -10. bekk. Það markmið var sett að fá börn í hópinn sem þekkja til og nýta ýmsa stoðþjónustu í skóla eða liggja ekki á skoðunum sínum. Námsráðgjafi og forstöðumaður félagsmiðstöðvar aðstoðu við að setja saman hópinn og kynntu tilgang verkefnisins til barnanna og öfluðu samþykkis forráðamanna.

Hist var í Sveinatungu ráðstefnusal á bæjarskrifstofum og veitingar á boðstólum. Stíllt var upp í 5 vinnustofur með þjóðfundastíl og hóparnir fóru á milli og á allar stöðvar.

Margt bar á góma en helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Börnum fannst jákvætt að hafa samráð, að þau séu spurð og fá að spá og velta fyrir sér hlutunum. Þau töldu að það mætti vera meiri fjölbreytni og fleiri útfærslur í íþrótt- og tómstundastarfsemi og einnig fyrir fatlaða og nefndu t.d. bogfimi.

Samgöngur mættu henta þeim betur vegna skóla og tómstundastarfsemi og vera skilvirkari og ódýrari fyrir allan aldur jafnvel e.k. Garðabæjarstrætó.

Koma aðeins inn á að álag mætti vera minna í náminu. Góð hugmynd kom fram um n.k. netaðstoð fyrir heimanám.

Almenningsleikvelli – fleiri ærslabelgi, rólur og endurbæta leikvelli – líka minni körfur með.

Ræddu matarmál skóla og samráð um mætti vera meiri.

Greiðara aðgengi að göngustígum og betri snjómokstur. Þau hafa fundið fyrir því undanfarið og koma þurfi betri reglu á hópþjól sem eru skilin eftir út um allt og jafnvel fyrir á gönguleiðum. Skilastöðvar eða sérstök svæði skilgreind fyrir hjólin væri heppilegt.

Öryggi –vernd – stuðningur, ræddu að leggja mætti meiri áherslu á lýsingu og eftirlitsmyndavélar og aðgengi að sálfræðiþjónustu og hjúkrunarfræðingum í skólum sé meira.

Fræðsla um margbreytileika og hinseginmálefni sé byrjuð fyrr eða á yngri stigi. Einnig kom fram að það þurfi fræða fullorðna fólkið með gömlu viðhorfin. Börnin væru síður vandamálið og þau oft betur að sér en þeir sem eldri eru.

Vinnustofa 1	Vinnustofa 2
Félagsleg þátttaka - íþróttir félagslíf og tómstundir	Samráð við börn og unglinga/ tækifæri / samráð umhverfi, eða nám og tómstundir.
Fá amerískan fótbolta og glímuíþróttir	Nemendaráð geti fengið að hitta bæjarstjóra
Vantar fleiri íþróttir fyrir fatlaða t.d. bogfimi	Samráð nemendur skólamat - betri mat - fjölbreytileiki
Frítt í strætó - f. tómstundir	Þegar kennari mætir ekki - sé ekki tími
Öpna fimleikasaliinn kostar 00 þegar ekki í notkun	Hafa val um böll og skemmtanir og hafa aðra skóla með
Þurfum að fara oft í Reykjavík - (meira úrval)	Allir fá tækifæri til að hafa áhrif á félagsmiðstöðina
Meira framboð fyrir fatlaða	Þurfa ekki að taka heimavinnu með - ef nær ekki að klára
Frítt í strætó - undir 18	Svali á að koma aftur
Meira upplýsingaflæði fyrri tómstundir	Má ekki lesa sumar bækur á bókasafni
Rá rafíþróttir í Garðabæ	Spyrja börn meira hvað þau vilja læra - kjósa meira eða keppnir
Íþróttahús opin þegar þau eru ekki í notkun	Börn geti haft áhrif á málin - Samráð
Fleiri ferðir með félagsmiðstöðinni	Bærin ætti standa við loforð. Ef skipt um skoðun - segja frá því
Vantar meira framboð í Garðabæ, skauta, og meira á Álftanes	Halda svona fundi aftur
Hægt sé að nota hvatapeninga fyrir rættakort	Nemndur fá að hitta bæjarstjóra
Lækka verð í strætó á æfingar eða frítt	Stytta kennslustundir - færri verkefni
Skafa betur götur kringum tónlistarskólann	Meira meðlæti mat - salt pipar, fleiri sósar
Meira tímundaframboð fyrir fatlaða	Rístavél í matsal og hraðsuðuketil!
Hafa fjölbreyttri opnun í félagsmiðstöð og oftari	Í tómstundum fær maður að velja hvað maður vill - meiri áhrif
Meiri upplýsingar um skráningu	Íþóttum allt meira skipulagt æfingar og svoleiðis - minni áhrif
Fleiri íþróttir í Garðabæ	Hafa meiri áhrif á námið
Auglýsa fjölbreyttari íþróttir og tómstundir	Fleiri nemendaþing - oftari fundir og spyrja börn
Rúta fyrir fótboltann í Miðgarð	Ef kennari mætir ekki - fella niður tíma
Hætta að byggja úti á nesi	Fleiri fundir/fræðsla / einmitt þetta.
Ekki nóg framboð fyrir alla	Bókafrelsi - fá að velja bækur til að lesa
Tími milli skóla og æfinga mætti vera meir	Allir fá að stjórna sínum matarskammti
Ekki jöfn tækifæri - erfiðara fyrir fátækari fjölskyldur	Val um tungumál - spænska líka
Frístundabíl fyrir öll börn 1-10 bekkur til 16 ára	Hækka launin í unglingavinnunni
Betri upplýsingar vegna Miðgarðs og Samsung völlum	Meira framboð íþróttar fyrir fatlaða
	Byrja seinna í skólanum og minnka heimavinnu
	Áður en það er framkvæmt - spyrja skólabörn
	Spyrja hvað við treystum okkur í að gera og hvað mikið
	Finns rödd mín eigi að heyrast betur

Tafla 6 - Punktar úr vinnustofu 1 um félagslega þátttöku og vinnustofu 2 um samráð við börn.

Vinnustofa 3 Öryggi og vernd / traust / umferðarmál/ Góð ráð og má laga	Vinnustofa 4 Stuðningur og aðstoð í skóla og Garðabæ / fræðsla / fjölbreytileiki.
Auka öryggi fyrir neteinelti	Jákvætt hafa stuðningsfulltrúar hjúkrunarfræðigur námsráðgjafi þroskaþjálfarar
Treysta foreldrum	Mikilvægt að fá fræðslu um fjölbreytileika
Vantar hjálp með heimanám utan skóla	Aðgang að lækni
Fleiri ruslatunnur	Hinsegin fræðsla mætti byrja fyrr
Myndvélur hjá loftbelgjum	Hjúkrunarfræðingur sé lengur í skólanum
Ég treysti sjálfum mér	Fengið e.k. Fræðslu um hinsegin en mætti vera meira
Sér heimavinnuhópar fyrir hverja grein	Þroskaþjálfarar
Fleiri umferðarljós	Þjálfun að laga orðaforða - og laga orð sem eru notuð í neikvæðri merkingu
Finnst vanta fleiri löggur	Meiri aðstoð með heimavinnu eftir skóla
Stöðvar til að skilja eftir hophjól - ekki út um allt	Vantar sálfræðing í skóla
Fimleikar eru skemmtilegir	Umsjónarkennari mikilvægur að vini
Myndavélar í undirgöngum	Engar tómstundir um helgar
Ein gata - það er ekki gott fólk þar	Meiri sálfræðiþjónusta í skólum
Búa til fleiri leikvelli	Meiri hinseginfræðslu fyrir eldri kynslóðina
Ekki reykja	Já frekar góð fræðsla
Fá hjálma og legghlífar á hophjólum - skylda	Vantar hjálp / net - með heimanám utan skóla
Meira aðgengi ruslagámum	Hlusta betur þegar beðið er um hjálp
Aðgang sálfræðingi í skólum	Andleg heilsa meira , líkamleg hjálp að vissu leyti
(Áhyggjur) Stungu hótanir / hnifar og stungur	Hjúkkan sé oftast við
Of margri unglingar aðgengi að fíkniefnum og áfengi	Meiri frítíma um helgar - of mikið álag á okkur
Finnst list og verk skemmtilegt	Mikilvægt að fá fræðslu um fjölbreytileika og byrja kennslu 6.7.bekk
Öryggi heima	Eldra fólk þarf ferkar fræðslu - við vitum meira og minni fordómar
Meira öryggi gegn smygli á eiturlyfjum	Ræða meira um hinsegin og sé meiri fræðsla
Fleiri götuljós	Hjúkrunarfræðingur alla daga
Gera sér brautir fyrir hophjól milli svæða	Skólinn hafi meiri skilning á frítíma- tímans utan skóla
Ruslatunnur í undirgöng	Fleir stuðningsfulltrúa og sálfræðing
Hundagönguleiðir	
Treysti mömmu og pabba	
Treysti vini	
Meiri lýsingu t.d. við Garðatogið	
Fleiri myndvélur kringum almenningssvæði	

Tafla 7 – Punktar úr vinnustofu 3 um öryggi og vernd og vinnustofu 4 um stuðning, aðstoð og fræðslu.

Vinnustofa 5*Ef ég væri bæjarstjóri - helst breyta*

Setja rennibraut í Sundlaugina í Ásgarðslaug
 Gokart / efla akstursíþróttir í Gb
 Kóngulóarrólur á allar skólalóðir
 Hækka laun hjá krökkum
 Moka betur gangstéttir þegar það er snjór
 Gera Airsoft löglegt / ísland eina með bann í Evrópu
 Fleiri hoppubelgi / og ekki alltaf í gangi/ ábyrg opnun

Ókeypis fyrir skólanema í strætó í skóla

Strætóleið bara Garðabær/ Álftanes/ bæjarhringur
 Fótboltatíma fyrir krakka sem vilja hafa gaman - ekki afreks

Bæta stiga og brautir fyrir hjólastóla
 Reykbannskilti
 Efla kappakstursíþróttir
 Sé aðgangur að ruslagámum 24/7
 Gera Ásgarðslaugina meira spennandi fyrir börn
 Bæta leikvelli - endurnýja tæki
 Fá bílpróf fyrr -16 ára
 Fleiri íþróttagreinar til að stunda í Garðabæ
 Íþróttabúð í Garðabæ til að kaupa
 Myndavélar kringum ærslabelgi til öryggis
 Tívoligarð / legoland / disneyworld
 Fleiri körfuvelli og bæta.
 Fleiri minni körfur fyrir krakka
 Opna íþróttasali frjálst f. krakka þegar ekki í skipul. notkun
 Strangari reglur um áfengi og fíkniefni
 Laga battavelli í öllum skólum
 Meira fjármagn í félagsmiðstöðvar
 Garðabær gestanet á fleiri stöðum


Tafla 8 – Vinnustofa 5 „Ef ég væri bæjarstjóri og fengi að ráða“.

8 Mælaborð og mælitæki við stöðumat

8.1 Þróunarvinna um mælaborð hjá sveitarfélögum um velferð barna


Að fyrirmynd og út frá þróunarverkefni Kópavogs og félagsmálaráðuneytis tók Garðabær ásamt 6-8 fulltrúum annarra sveitarfélaga þátt í rýnivinnu og frekari prófun á mælaborði um velferð barna í BVS verkefninu. Vinnan fólst í því að afla ýmis mælanleg gögn sem til eru á sveitarstjórnarstigi, samræma, staðla og meta gagnsemi mælinga inn í mælaborðið. Nefna má innslátt á gögnum s.s. úr Skólapúlsinum, kannanir um hagi og líðan, gögn um nýtingu hvatapeninga, hagtölur frá Hagstofunni, landlæknisembættinu og úr spurningakönnun Unicef til barna. Þessi þróunarvinna er enn í ferli. Sveitarfélög sem tóku þátt urðu fljótt áskynja að ýmislegt var ólíkt farið í sveitarfélögum varðandi viðhorfsmælingar og skynsamlegt að huga að samræmingu og einföldun við öflun gagna.

Félags- og vinnumálaráðuneytið heldur áfram að leiða þessa vinnu í samstarfi við Kópavog varðandi smíði á endanlegu líkani eða mælitæki. Það sem taka má út úr þessari þróunarvinnu er kall eftir sjálfvirkni og að gögn séu lesin inn miðlægt og mælitækið sé sem mest sambærilegt á landsvísu. Hugmyndin er orðin sú að hægt verði að taka út stöðuna hjá hverju og einu sveitarfélagi, svæði eða landinu öllu og hafa samræmda mælikvarða sem sýna þróun og breytingar yfir tíma. Með samræmingu má miðla árangri og verklagi á milli frá öðrum sem skora vel í einstökum þáttum til að bæta þjónustu, gæði og velferð. Einnig er hægt að stilla inn árangursmælikvarða. Tækinu er ætlað mikilvægt hlutverk þegar farið verður að vinna eftir nýrri lagasetningu um farsæld og vonumst við eftir að taka þátt í þessari vinnu áfram og nýta betur. Hér að neðan eru myndræn dæmi hvernig þetta gæti litið út.



Ljósmynd 5: Sýnishorn/skjáskot af mælaborði – Graf sýnir breytingar á samanteknum nokkrum vísitölum um farsæld yfir tíma. Athugið að það eru ekki allar mælingar undir í þessu sýnishorni og því ekki raunsönn mynd.

Hér má sjá dæmi um sveiflu í nýtingu hvatapeninga 5- 6 ára barna á tímabilinu 2017 – 2019.



Ljósmynd 6 : Sýnishorn /skjáskot sýnir þátt í vísitölu farsældar – Breytingar á nýtingu 5-6 ára barna á frístundastyrk sveitarfélagsins yfir tíma.

8.2 Mælingar í Garðabæ

Bæjarfélagið hefur til langs tíma unnið með ýmis viðhorfs mælitæki og gögn svo sem Skólapúls leik-og grunnskóla, [þjónustukönnun](#) Gallup, kannanir Rannsókna og greiningar um hagi ungs fólks 10-12 ára, 13-16 ára og hagi framhaldsskólanema, ESPAD rannsóknir landlæknisembættisins og „Íslenskar æskulýðsrannsóknir“ sem er nýjasta mælitækið á högum og liðan barna. Til þessa hafa rannsóknirnar verið nýttar til stefnumótunar og ekki síst í málefnum barna sem 70-80% þjónustunnar snýst um. Það er almennt góð yfirsýn gegnum þessi mælitæki og þau verið gagnleg stýrihópi í hugleiðingum um frekari aðgerðir til að efla hag og réttindi barna. Í augnablikinu snúa þær helst að líðan barna í skólum og vísbendingar um aukin samskiptavanda m.a. vegna nýrra samskiptamiðla. Mál á borði félagsþjónustu og í nemendavernd staðfesta það sem mælitækin segja okkur. Niðurstöður í landsskýrslu R&G – Ungt fólk 2021 leiða frekari rök að því að huga þarf að samskiptum og andlegri líðan þegar kemur að aðgerðasmíð og forvörnum. https://rannsoknir.is/wpcontent/uploads/2021/06/8_10_Landid-2.pdf

9 Samtöl og ábendingar stjórnenda í stofnunum og skólum

Á stöðumatstímanum hafa átt sér stað samtöl við fjölda stjórnenda stofnana og skóla varðandi þekkingu, fræðslutilhögun, útbreiðslu og kynningu á sjónarhorni vegna innleiðingar á verkefninu.

Alls staðar er áhugi fyrir verkefninu og víða verið stigin skref í vinnu með Barnasáttmálann á undanförnum misserum. Nefna má fræðslu í bekkjum á yngri stigi, á unglingastigi er sáttmállinn til umfjöllunar í samfélagsgreinum, einstök verkefni á leikskólastigi hafa fengið styrki úr þróunarsjóði leikskóla og gott verkefni „Velferð barna“ tók sterklega mið af mikilvægustu greinum Barnasáttmálans svo dæmi séu tekin. [Verklag-íslensk-útgáfa-uppfært.pdf \(menntaklif.is\)](#)

Í samtölum við stjórnendur og starfsmenn komu fram mikilvægar ábendingar og innlegg hvað mætti sjá í aðgerðaáætlun. Margir nefna aukna fræðslu um fjölbreytileikann, jafnræðismál, huga að stöðu hinsegin barna og barna af erlendum uppruna. Þörf er á að endurbæta lausnir varðandi samskipti barna og koma taumhaldi á notkun samfélagsmiðla og neikvæðar afleiðingar þeirra á t.d. vináttu og líðan. Í stöðumati var sérstaklega rætt við starfsfólk í sértækri frístund fyrir fötluð börn og hvernig væri hægt að hugsa kynningu á Barnasáttmálanum fyrir börn sem glíma við ýmsar ólíkar takmarkanir og leggja upp verkefni í anda BVS. Ljóst er að góð fræðsla til starfsfólks, þjálfun, námskeið og hugmyndavinna ásamt því að þróa verkfæri skiptir þar miklu sem og annars staðar. Stjórnendur á fjölskyldusviði og fræðslusviði hafa rætt skyldleika farsældarlaga við BVS verkefnið. Farsældarlögin gengu í gildi á stöðumatstímabilinu í janúar 2022 og eru spennandi tímar framundan við útfærslu og samlegð við innleiðingu og aðgerðir BVS. Um það eru allir sammála.

Gott samtal hefur verið í við fulltrúa í Ungmennaráði. Þau hafa skoðað vel sitt landslag, verið virk í stöðumatinu. Verkefnisstjóri hefur átt ítrekuð samtöl um væntingar þeirra til BVS verkefnisins og tíður gestur á fundum ráðsins. Ráðið vill leggja sitt að mörkum og efla sitt starf og vera virk í aðgerðum til framdráttar Barnvænu sveitarfélagi.

10 Samantekt

Ef teknar eru saman í stuttu máli helstu niðurstöður í stöðumati blasa við mörg sóknarfæri til að efla okkur sem Barnvænt sveitarfélag.

Fyrir það fyrsta má gera betur í fræðslu um Barnasáttmálann bæði til starfsfólks, barna og kynna efnið betur til samfélagsins. Gagnast þar vel fræðslumyndbönd Unicef gegnum Akademias. Fyrir liggur að útbúa námsskrá og finna staðbundna umsjónarmenn í skólum og stofnunum til fylgja málum og námsskránni eftir. Einhver þekking er til staðar um hugmyndafræði Barnasáttmálans skv. spurningakönnun en við gefum okkur að einn skóli – Flataskóli sem er réttindaskóli hækki skorið umfram það sem almennt gengur og gerist. Sjáum líka að í grófri flokkun er almenna stjórnsýslan minna að sér í málum en ef miðað er við uppeldisstofnanir bæjarins. Hluti starfsmanna klárar ekki könnun og í sjálfu sér áskorun um vitundarvakningu.

Í stýrihópnum voru rædd mál hinsegin barna og sjáum við vísbendingar út frá spurningakönnun og rýni með stjórnendum að rétt sé að vinna betur fyrir þann hóp og huga að fræðslu og jafnræði þeirra með einhverjum ráðum. Nýta má góðar ábendingar frá börnum af erlendum uppruna sem verða sífellt stærri hópur t.d. ábendingar um að bæta upplýsingar og þjónustu til fólks af erlendum uppruna.

Spurningalistarnir gefa einnig til kynna að efla má ungmennaráð og starfsemi þess verulega. Tengja ungmennaráðið betur stjórnsýslunni og að það hafi öfluga rödd. Kynna þarf ráðið betur og tilgang þess. Í stuttu máli má draga saman úr gátlistayfirferðinni ýmsa styrkleika/veikleika sem veita okkur möguleika á ýmsum aðgerðum smáum sem stórum. Nefna má að yfirfara stefnur bæjarins m.t.t. Barnasáttmálans, auðvelda börnum að taka virkan þátt með ýmsum hætti og hafa áhrif. Í spurningakönnun telur starfsfólk að börn geti haft meiri áhrif og finna þarf góðar leiðir fyrir slíkt samtal. Skoða þarf betur leikskólastigið og lýðræðisþjálfun þar og vinna með Barnasáttmálann gegnum leik og starf, huga betur að líðan, bæta móttökurými félagsþjónustu, upplýsingar á erlendra tungu svo eitthvað sé nefnt.

Gegnum rýnihópaverkefni fundum við einnig samhljóm sem og ágætar leiðir til að fá börn til liðs við að rýna skipulagsmál, hvað brennur helst á þeim, veita þeim tækifæri til gefa sín ráð til stjórnvalda og fleiri tækifæri fyrir gott samtal á jafnræðisgrunni. Geta má þess að smærri ábendingar barnanna frá þingum og rýnihópum eru þegar komnar á borð starfsfólks til upplýsinga, þær metnar og í einhverjum tilfellum komnar til framkvæmdar innan ramma daglegs starfs. Ábendingum hefur verið vel tekið og almenn ánægja með sýn barnanna og innslag þeirra í þjónustu og daglegan rekstur.

f.h. stýrihóps
